

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 27. júní, kl. 9:00 var haldinn 1780. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Björg Ósk Gunnarsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn EA Fish ehf., kt. 560519-1250, dags. 12. júní 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með kjötbörð og litla kjötvinnslu (Kjöthöllin) að Skipholti 70, F2240303, rými 01 0102. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Allsberja ehf., kt. 480224-0270, dags. 4. júní 2024, um starfsleyfi fyrir dreifingu á forpökkuðum matvælum, ásamt netverslun (Allsber). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Just Kebab ehf., kt. 640823-0620, dags. 19. desember 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingaverslun (Just Kebab) að Lækjargötu 8, F2002710, rými 010102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrði er að allt hráefni komi tilbúið til eldunar eða samsetningar á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir neyslu veitinga á staðnum þar sem ekki er snyrting fyrir gesti.
- Lögð fram umsókn Svaka snáða ehf., kt. 490224-1220, dags. 7. maí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (Daisy) að Ingólfsstræti 8, F2251116, rými 01 0001. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Chilisalsa ehf., kt. 690422-0180, dags. 30. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Chilisalsa) að Skólavörðustíg 42, F 2323494, rými 01 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrði er að allt hráefni komi tilbúið til upphitunar og samsetningar á staðnum.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 23. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn RoundAbout ehf., kt. 550415-0460, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Bao Bite) að Laugavegi 3, F2004406 rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 23. apríl 2036.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. maí, vegna bréfs sýslumanns, dags. 15. maí 2024 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kokku ehf. kt. 660101-3140, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; kaffihús, ásamt útveitingum til kl.

22:00 alla daga (Kokka) að Laugavegi 47, F2005090, rými:01 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Starfsleyfi í gildi til 12. desember 2035.

8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 29. maí 2024 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Brasserie ehf. kt. 450424-0990, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús, (Mýrin brasserie) að Seljavegi 2, F2000260, rými 01 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 29. maí 2036.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 13. júní 2024 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Smekkleysu shop ehf. kt. 450917-2490, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; kaffihús, ásamt útiveitingum til kl. 20:00 virka daga og 22:00 aðfaranætur frídaga (Smekkleysa) að Hverfisgötu 32, F2004438, rými 01 0202.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Starfsleyfi í gildi til 15. desember 2035.

10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 20. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 19. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Svaka snáða ehf. kt. 490224-1220, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá, ásamt útiveitingum til kl. 22 alla daga (Daisy) að Ingólfsstræti 8, F2251116, rými 01 0001.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn um veitingastað í flokki II, tegund; krá. Gefin er neikvæð umsögn um 50 gesti á útiveitingasvæði vegna neikvæðra grenndaráhrifa en jákvæð umsögn um 24 gesti á útiveitingasvæði sbr. afnotasamning af borgarlandi og teikningar af útisvæði sem fylgdu umsókn um rekstrarleyfi. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda inni þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.

11. Lögð fram umsókn Jóns Þórs Hróarssonar, dags. 28. maí 2024, um skráningu á niðurrifi á asbesti í húsnæði að Laugavegi 51b, F2005072. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
12. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags. 20. júní 2024, um skráningu á niðurrifi á veggjaklæðningu úr asbesti að Skeljanesi 15, F2029265, matshluti 38. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
13. Lögð fram umsókn Þúsund Fjala ehf., kt. 591199-3159, dags. 22. maí 2024, um skráningu á niðurrifi á flísum úr asbesti að Háaleitisbraut 13, F2014881. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
14. Lögð fram umsókn Zareen ehf, kt. 580823-1650, dags. 18. júní 2024, um starfsleyfi fyrir nudd- og snyrtistofu (ATMA Hollistic Center) að Lágmúla 4, F22113621, rými 01 0201. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
15. Lögð fram umsókn Elisabeth Sögu Pedersen, dags. 30. maí. 2024, um starfsleyfi fyrir daggæslu dagforeldra (Krúttkot) að Njálsgötu 89, F2010426, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir dagvistun 6-10 barna í heimahúsi*.
16. Lögð fram umsókn Ecaterina Botezatu, dags. 8. júní 2024, um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu (Ink Me Tattoo Studio) að Hverfisgötu 50, F2004651, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir húðgötun í eyrnasnepla, líkamsgötun og húðflúr*.
17. Lögð fram umsókn Moldarblöndunnar Gæðamoldar ehf. kt. 510291-1749, dags. 21. september 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til

endurvinnslu þ.e. móttöku á garðaúrgangi til jarðgerðar og moldar til endurvinnslu í Gufunesi sbr. afmörkun á athafnasvæði á yfirlitsmynd sem er fylgiskjal leyfis. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 30. október 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfiskilyrðum fyrir Moldarblönduna Gæðamold, Gufunesi.*

18. Lögð fram umsókn Olís ehf. kt. 500269-3249, dags. 12. maí 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir eldsneytisafgreiðslu á hafnarsvæði á Grandabakka Reykjavíkurhöfn. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.*

Fundi slitið kl. 10:23

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson